



208. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 21. mars 2013 kl. 15:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti og Helga H. Magnúsdóttir.

1. Ólympísk verkefni

Farið yfir stöðu undirbúnings fyrir þau ólympísku verkefni sem framundan eru.

2. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Smáþjóðaleikana 2015. Verið er að hanna tillögur að merki leikanna.

3. 71. Íþróttaping ÍSÍ

Farið yfir drög að tillögum til Íþróttapings. Skrifstofu falið að lagfæra tillögurnar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum og senda framkvæmdastjórn aftur til yfirlestrar.

4. Heiðranir

Heiðursfélagar ÍSÍ

Samþykkt að leggja fram tillögu á 71. Íþróttapingi ÍSÍ um eftirtalda einstaklinga sem Heiðursfélaga ÍSÍ: Björgu S. Blöndal, Loga Kristjánsson, Ríkhart Jónsson og Stefán Runólfsson.

Heiðurshöll ÍSÍ

Samþykkt að útnefna Albert Guðmundsson heitinn, Sigurjón Pétursson heitinn og Jóhannes Jósefsson heitinn í Heiðurshöll ÍSÍ. Samþykkt að útnefning í Heiðurshöll ÍSÍ fari fram laugardaginn 20. apríl að viðstöddum mennta- og menningarmálaráðherra.

Heiðurskross ÍSÍ

Samþykkt að veita eftirtöldum einstaklingum Heiðurskross ÍSÍ á 71. Íþróttapingi ÍSÍ: Bjarna Felixsyni, Jensínu Magnúsdóttur, Lovísu Sigurðardóttur, Jóni Hjaltalín Magnússyni og Steinari J. Lúðvíkssyni.

Frá síðasta fundi hafa eftirfarandi heiðranir verið samþykktar með tölvupósti:

HSP

Friðrika Björk Illugadóttir – Silfurmerki ÍSÍ

HSK

Ólafur Elí Magnússon og Ásta Laufey Sigurðardóttir – Silfurmerki ÍSÍ

ÍF

Jósef Sigurjónsson og Haukur Þorsteinsson, Gullmerki ÍSÍ

UMSB

Ingimundur Ingimundarson – Gullmerki ÍSÍ

5. Ársreikningar ÍSÍ og fjárhagsáætlun

Gunnar Bragason lagði fram endurskoðaðan ársreikning ÍSÍ og fjárhagsáætlun sem lögð verður fyrir Íþróttaping. Fjárhagsáætlun ÍSÍ samþykkt.

6. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 207. fundur framkvæmdastjórnar
- 7. og 8. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ frá 12. mars og 27. febrúar
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 13. mars
- Almenningsíþróttasvið ÍSÍ 18. mars
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 7. mars

7. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið. Mörg ársþing eru framundan og voru fundarmenn beðnir að skrá sig á þau þing sem þeir komast til.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn fimmtudaginn 18. apríl.

9. Önnur mál

Ferðarsjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá því að nú væri búið að skila árlegri skýrslu og uppgjöri til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna úthlutunar úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna keppnisferða ársins 2012. Fulltrúar ráðuneytisins komu til fundar á skrifstofu ÍSÍ þar sem farið var yfir helstu atriði úr úthlutuninni, forsendur og gagnagrunn.

Þakkir bókaðar til vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga og starfsmanns fyrir góða vinnu við undirbúning og framkvæmd úthlutunar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.